



Haustveisla.

Nú haustar að hjá okkur og til viðbótar venjulegu húmi höfum við nú eldfjallamóðu.

Það truflar okkur ekki í því að halda okkar árlegu haustveislu þann 4. október n.k.

Theodór vinnur hörðum höndum í matseðlinum en þemað að þessu sinni er villtur lax og hreindýr. Það er kominn 6 rétta matseðill og Kristján hefur valið viðeigandi drykkjarföng með hverjum rétti.

Gestakokkur verður góðkunningi okkar Sigurjón Þórðarson en hann var yfirkokkur í Reykhlíð 1984 & 1985.



Veislustjóri er Friðfinnur Hermannsson, Hjalti og Lára Sóley skemmta gestum, Eyþór Ingi annast undirleik og fjöldasöng og Hemmi og Nilli sjá um að hrista skrokkana inn í nóttina.

Allar nánari upplýsingar veitir Kristján Örn í síma 464 4170 eða hjá myllan@myvatnhotel.is



Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

35. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 24. sept. 2014

Afmælisbörn dagana 25. sept. — 1. okt. 2014

25. Einar Finnur Snorrason, Helga Guðrun Egilsdóttir.
26. Anton Freyr Birgisson.
27. Hólmfríður Ásdís Illugadóttir.
1. Andrea Björt Marteinsdóttir.



Frá Heilsugæslustöðinni í Reykjahlíð

Inflúensubólusetning!

Árleg bólusetning gegn influensu verður **miðvikudaginn 1. október milli kl. 9 og 13**, þeir sem komast þennan dag þurfa ekki að bóka sig.

Þeir sem ekki komast 1. október eru beðnir að bóka sig í síma 464 0501 eða 464 0660

Ljósleiðarinn sept. 2014.

Nú er tengibox fyrir ljósleiðarann komið í flest hús og byrjað að virkja sambönd. Við viljum benda á að það þarf að panta sér þjónustu internet, síma eða sjónvarp inn á leiðarann frá fjarskiptafyrirtækjum svo sem Símafélaginu, Vodafone eða einhverjum öðrum.

Stofnkostnaður verður innheimtur á næstu dögum með greiðsluseðlum frá Fjarskiptafélagi Mývatnssveitar, en mánaðargjald mun Tengir ehf. innheimta en þeir sjá um rekstur kerfisins.

Ef bilanir koma upp þá eru það Tengir eða viðkomandi fjarskiptafyrirtæki sem sér um það.

Þeir sem hafa pantað tengingu en hafa ekki fengið tengikassa inn eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu hreppsins og það verður unnið á næstu dögum.

F.h. FMÝ ehf.
Karl E Sveinsson

Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.
1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.
1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.



Hausttilboð á Hótel Laxá!

Nú styttist óðum í síðasta opnunardag Hótel Laxár þetta árið en okkur langar til að ljúka frábæru opunarsumri með stæl og bjóða upp á hausttilboð síðustu helgina í september. Veðrið hefur leikið við hvern sinn fingur og sveitin skartar sínu fegursta í haustlitunum.

Tilboðið felur í sér gistingu fyrir tvo í eina nótt helgina 26. – 28. september, okkar veglega morgunverðarhlaðborð og dýrindis þriggja rétta kvöldverð – á aðeins 22.900 krónur. Hægt er að bæta við aukanoft fyrir 13.000 krónur og er morgunverður innifalinn í því verði.

Við tökum við bókunum í síma 464 1900 og á hotellaxa@hotellaxa.is.
Bókið strax og sláið botninn í sumarið með okkur í yndislegu umhverfi Mývatnssveitar.

Hlökkum til að taka á móti ykkur!



Haustfundur

Kvenfélags Mývatnssveitar verður haldinn fimmtudaginn 25. sept. kl. 20:30 í Skjólbrekku.

Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.

Hittumst hressar og kátar með gleði í hjarta.

Nýir félagar velkomnir.
Stjórnin

